

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2010 02-2010041147
T-ums 44/10

Alþingi
Erindi nr. P 138/2455
komudagur 19.5.2010

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 - 499. mál, þskj. 876.

Ríkisskattstjóri hefur þann 29. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 - 499. mál, þskj. 876.

Frumvarpinu er ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagiforminu og koma í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald. Tryggja á að eignarhald í hlutafélögum verði gegnsætt, ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda stóraukin og refsingar þyngdar til muna.

Á 136. og 137. þingi var flutt tillaga til þingsályktunar þess efnis að viðskiptanefnd yrði falið að semja frumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar átti að vera að búa til nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald, bæði gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig gagnvart dótturfélögum beint og óbeint. Tillagan varð ekki útrædd.

Í tilefni af framangreindri tillögu til þingsályktunar lét ríkisskattstjóri þann 30. apríl 2009, í té umsögn til viðskiptanefndar þar sem sagði:

„Nú eru í gildi lagaákvæði um ferns konar hlutafélög, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög, opinber hlutafélög og samlagshlutafélög. Þessi lagaákvæði eru sett fram í tveimur lagabálkum sem eru lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög og lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Í síðarnefndu lögnum eru sérstök ákvæði sem lúta að opinberum hlutafélögum annars vegar og hins vegar samlagshlutafélögum.

Hlutafélagiformið hefur lengi verið talið heppilegt fyrir aðila sem vilja leggja saman krafta sína og stunda atvinnurekstur í einhverri mynd, ekki bara hér á landi heldur um víða veröld. Lög um hlutafélög kveða allitarlega á um hvernig staðið skuli að stofnun og starfsemi þessara félaga svo sem rétti og skyldum hluthafa og félagsstjórn, vernd minnihlutaeigenda svo og slitum félaganna.

Ætla má að hugsun löggjafans með setningu laga um hlutafélög hafi verið sú að einstaklingar og/eða lögaðilar gætu lagt fram fjármuni í sameiginlegan sjóð til að standa fyrir atvinnustarfsemi af einhverju tagi. Stjórn félaganna væri síðan ætlað að sjá til þess að með atvinnurekstrinum væri framlagt hlutafé ávaxtað til lengri tíma með

hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi og væri sú ávöxtun þegar best léti meiri en unnt væri að fá með öðrum sparnaðar- eða fjárfestingarformum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er réttilega bent á að flókið gagnkvæmt eignarhald sé ein ástæða þeirra þrenginga sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Þó ekki séu öll kurl til grafar komin sýnist þó mega gera ráð fyrir því að fjármálastofnanir hafi oft á tíðum verið beinir gerendur í að koma slíku eignarhaldi á eða að minnsta kosti greitt fyrir því með lánveitingum. Virðist jafnvel á stundum sem sérfræðingar fjármálafrirtækjanna hafi lagt meiri áherslu á að fela eða flækja eignarhald félaga en að ganga úr skugga um raunverulegt verðmæti félaga þegar til lánveitinga kom. Þó svo löggjafinn hafi með ýmsum hætti endurbætt lögin og reynt að mæta breyttum tímum hafi stjórnendur margra félaga misst sjónar á þeirri frumskyldu sinni að hámarka arð eigenda til lengri tíma og fremur látið stjórnast af skammtímagróða í eigin þágu og eða valdra hluthafa. Ljóst er að ef brotavilji einstaklinga er einbeittur verður með lagasetningu aldrei að fullu unnt að koma í veg fyrir slíkan ásetning.

Í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni er talið upp í fimm liðum nokkur skilyrði sem sérstaka áherslu beri að leggja á við samningu laga um gegnsæ hlutafélög og lúta að eignarhaldi. Ættu þau öll að gagnast til að gera eignarhald skýrara en verið hefur hér á landi. Hér má þó benda á að í 5. lið skilyrðanna segir að gegnsætt hlutafélag megi ekki lána verðmæti til aðila sem á það beint eða óbeint en í 104. gr. hfl. og 79. gr. ehl. eru ákvæði þessa efnis harla skýr.

Ljóst er að meginefni laga sem sett væru um gegnsæ hlutafélög væri samhljóða núgildandi lögum um hlutafélög. Því hlýtur að koma til álita að bæta við núgildandi lög ákvæðum sem næðu þeim tilgangi sem þingsályktunartillagan stefnir að. Ef markmið tillögunnar nær fram að ganga væri líklegt að til yrði einskonar stjórnuflokkur í hlutafélagaflokkunni sem væru GH, eða ghf sé skammstafanahefð viðhaldið, og önnur form félaga hefðu á sér vafasamari blæ. Ef vel til tækist gæti það bætt siðferði í viðskiptalífmu sem allir hlytu að fagna.

Ríkisskattstjóri lýsir sig reiðubúinn að leggja því lið að sett verði í lög ákvæði af því tagi sem þingsályktunartillagan stefnir að hvort sem það væri í heildstæðu frumvarpi eða endurbótum á núgildandi lögum.“

Ríkisskattstjóri fagnar framkomnu frumvarpi en leggur til að orðalag 4. og 8. mgr. a-liðar 10. gr. verði lagfært þannig að orðalag málgreinanna samræmist betur þeim tilgangi sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu

Embættið leggur til að 4. mgr. a-liðar 10. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Ekki er heimilt að veðsetja hluti í gegnsæju hlutafélagi nema veðhafi sé gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð og eru aðrar veðsetningar ógildar.“


Þá telur ríkisskattstjóri að 8. mgr. a-liðar 10. gr. eigi að hljóða svo: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal hlutafé í gegnsæju hlutafélagi ávallt greitt með reiðufé og gildir það jafnt um greiðslu stofnhlutafjár sem og við hlutafjárhækkunir hjá félaginu.“


Þá vekur ríkisskattstjóri athygli á að í frumvarpinu er ekki að finna öflugan hvata til að stuðla

að breytingu hlutafélaga yfir í það að vera gagnsæ hlutafélög, nema að hugsanlega verði fjárfestar fúsari til að leggja fram hlutafé í slík félög umfram önnur og að hugsanlega verði lántaka auðveldari.

Þá er jafnframt ástæða til að vekja athygli á að þegar einkahlutafélagiformið var lögfest 1994 var löggjöfin sniðin að félögum sem væru með mun minni umsvif og þrengra eignarhald en hlutafélög. Af þeim sökum þótti ekki ástæða til að hafa ýmis atriði laga um einkahlutafélög eins skýr eða takmörkuð og þau sem gilda um hlutafélög. Síðustu vikur hefur hlutafélagaskrá móttengið tilkynningar um breytingar á samþykktum félaga þar sem þeim er heimilað að gefa út skuldabréf sem breytanlegur eru í hlutafé og eru upphæðir þessara bréfa langt fyrir ofan þau mörk sem hlutafélagalögin heimila. Þau félög sem hér um ræðir eru með tugmilljarða veltu og hefur a.m.k. einu slíku félagi verið breytt úr hlutafélag í einkahlutafélag til að komast fram hjá skýrum ákvæðum hlutafélagalaganna hvað þetta varðar.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir